

Niðjatal
Sigurðar Guttormssonar
&
Guðríðar Eiríksdóttur
í
Kollsstaðagerði á Héraði



Netútgáfa – Forsíða
Nema þú hafir undir höndum prentað eintak

Leitarhnappar eru hér: **Sigurðar**
Ctrl+click = gulur litur færir þig áfram
Ctrl+home = fremst í skjal

Már Viðar Másson
2017

FJÓRAR DÆTUR
SIGURÐAR GUTTORMSSONAR 1840-1878
FRÁ
ARNHEIÐARSTÖÐUM Í FLJÓTSDAL
BÓNDA Í KOLLSSTAÐAGERÐI Á VÖLLUM
OG
GUÐRÍÐAR EIRÍKSDÓTTUR 1841-1885
FRÁ HAFURSA Í SKÓGUM
OG SKRÍÐUKLAUSTRI

Sigurður Guttormsson 26.01.1840-15.09.1878 fæddist á Arnheiðarstöðum. Faðir hans var **Guttormur** stúdent Vigfússon prests Ormssonar á Ási og á Valþjófsstað. Hann var uppi 1804-1856. Guttormur var óðalsbóndi og alþingismaður á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal og frumkvöðull í búskap og félagsmálum. Hann sat *Pjóðfundinn* fræga 1851 og stofnaði eitt fyrsta búnaðarfélag á Íslandi í Fljótsdal um 1850. Hann hvatti til stofnunar búnaðarskóla og sonarsonur hans og alnafni varð fyrsti skólastjóri búnaðarskólans á Eiðum.

Bergljót Þorsteinsdóttir (systir Jóns vefara) var kona Vigfúsar og móðir Guttorms. Vigfús og Bergljót voru merkishjón. Um þau má t.d. lesa í (5). Til er minningarrit um Guttorm frá 1856. Þar kemur fram að Vigfús reisti fyrstur manna fjárhús í Fljótsdal, hóf áveitur á engi og byggði fyrstu kornmyllu á Héraði. Fyrir búhyggindi sín fékk hann verðlaunapening frá Danska Landbúnaðarfélaginu og er sá enn geymdur í Geitagerði (5). Ljósmyndina tók ég í Geitagerði 2008 þegar ég var þar á ferð með konu minni, systur og Helga Hallgrímssyni. Í Geitagerði var peningsins gætt af Guttormi V. Þormar 1923-2015. Langafi hans, Vigfús, var bróðir Sigurðar Guttormssonar. Sjá „Fjórar dætur Sigurðar og Guðríðar“ hér að neðan.



Guttormur Vigfússon átti 16 börn. Hann átti eitt fyrir hjónaband með Björgu Eiríksdóttur. Síðan giftist hann **Halldóru** Jónsdóttur 1808-1852 vefara Þorsteinssonar Schjöld prests Stefánssonar að Krossi í Landeyjum. Hún var móðir Sigurðar. Guttormur og Halldóra áttu 14 börn. Tveimur árum eftir lát Halldóru giftist Guttormur Kristínu Jónsdóttur og átti með henni 16. barn sitt; **Halldór** Gísla Brynjólf Guttormsson 1855-1930. Halldór þessi var hagr mjög. Helgi Hallgrímsson ritaði grein um Halldór og smíðisgripi hans í Gálgás um jólin 1991.

Frá Jóni vefara er komin **Vefaraætt**, en Jón nam vefnað í Danmörku. Tíu af börnum Guttorms og Halldóru eignuðust afkomendur. Halldóra og Guttormur eru því foreldrar tíunda hluta Vefaraættar. Halldóra og Guttormur voru systkinabörn, en Bergljót sem áður er nefnd var systir Jóns vefara. Kona síra Þorsteins var Margrét Hjörleifsdóttir prófests og (latínu)skálds á Valþjófsstað Þórðarsonar.

Þorsteinn, faðir Bergljótar og Jóns, var prestur á Krossi í Landeyjum á Suðurlandi. Margrét, kona séra Þorsteins, var dóttir Hjörleifs prests á Valþjófsstað Þórðarsonar. Hjörleifur orti sálma og þýddi Passíusálma Hallgríms Péturssonar á latínu og því stundum nefndur latínuskáld. Hjörleifur var af Eydalaætt og afkomandi Einars sálmaskálds í Eydölum (5).

Jón Þorsteinsson Schjöld vefari 1771-1827	Þórey Jónsdóttir 1772-1843
	Halldóra Jónsdóttir 1808-1852
	Sigurður Guttormsson 1840-1878
	Halldóra Sigurðardóttir 1867-1957
	María Víðis Jónsdóttir 1895-1982
	Þóra Þorvaldsdóttir 1925
	Nikulás Úlfar Másson 1957
	Eva Björk Úlfarsdóttir 1982

Eftir **Þjóðfundinn 1851** ofsóttu íslensk og dönsk stjórnvöld suma þjóðkjörnu fulltrúana. Tveir misstu embætti sín, þremur var hótad og Jón Sigurðsson missti styrki og von um embætti í bili. Þá gripu landsmenn til þess ráðs að safna fé handa Jóni og Ingibjörgu konu hans – svo hann gæti haldið þjóðfrelsisbaráttunni áfram, en freistaðist ekki til þess að fara að starfa við annað og alls óskilt. Í þessum látum öllum skrifar **Guttormur Vigfússon** Jóni forseta til Kaupmannahafnar í júní 1852:

„Vegna þess ég vissi ekki hvort ég mundi geta komist til að hripa þér línu með Suðurfjarðaskipunum það ég Gísla minn [Hjálmarsson lækni] sem sagðist skrifa þér með þeim að leggja innan í hjá sér ávísunarmiða upp á 100 ríkisdali sem þú átt að þiggja af mér og sveitungum mínum sem lítinn vott ástar og þakklætis okkar. [] Þú mátt ekki taka mér illa upp, elskan mín, þó þér kynni að verða sent héðan síðar svipað lítilræði og þetta . Við ættum að hafa vit á að meta hver og hvílikur þú hefir verið og ert oss og hvað af því leiðir fyrir sjálfan þig „ (10).

Þannig hlaut þjóðin sjálfstæði sitt.

Þess má geta hér að heiftin hjaðnaði. Trampe lét hvergi sjá sig á alþingi 1853, heldur var Páll Þ. Melsteð í hans stað. Allir kepptust þá við að láta hlutina ganga friðsamlega fyrir sig. Þar voru m.a.s. samþykkt lög um langþráð verslunarfrelsi sem komu í gagn 1855. Þau voru síðan að sjálfsgöðu forsenda fyrir því að hægt var að stofna kaupfélög síðar. Jón forseti fékk þó aldrei embætti.

Það má segja að forystusveit Íslendinga hafi breytt um taktík milli þessara þinga. Þeim varð ljóst að þjóðina þurfti að undirbúa betur fyrir fullveldi. Þeir einbeittu sér því að því að styrkja innri viði samfélagsins. Þá var farið að tala um hafnir, vegi, brýr o.þ.h., þótt ekki væri hafist handa fyrr en eftir 1874, en þá fékk Alþingi fjárveitingarvald.

Vigfús Ormsson prestur á Ási og á Valþjófsstað, faðir Guttorms, átti fleiri börn. Eitt þeirra var Margrét (1788-1849). Hún var móðir **Vigfúss Guttormssonar** prests (1813-1874) á Ási. Nú vikur sögunni aftur til Jóns forseta Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. Jón var í raun á launum hjá Íslensku þjóðinni. Sama máli gegnir um *Ný félagsrit*. Þau þurftu alla tíð meðlög. Á bls. 446 í öðru hefti Guðjóns Friðrikssonar af sögu Jóns forseta (10) er þetta að finna: „Séra Vigfús Guttormsson í Ási í Fellum sendir tíu ríkisdali og segir að þeir séu frá sér og Jóni Johnsen faktor og ætlaðir Jóni til persónulegra þarfa.“

Vigfús Ormsson
1751-1841

Guttormur Vigfússon 1804-1856
Sigurður Guttormsson 1840-1878
Halldóra Sigurðardóttir 1867-1957
Þórný Víðis Jónsdóttir 1904-1955
Jakob Hálfðanarson 1942
Hlynur Jakobsson 1970

Bergljót Þorsteinsdóttir, systir Jóns Vefara
1761-1828

Margrét Vigfúsdóttir 1788-1849
Vigfús Guttormsson 1813-1874

Nú skulum við líta aftur á töfluna hér næst fyrir ofan. **Vigfús Guttormsson** átti sér systur sem **Guðlaug Guttormsdóttir** hét (1811-1881). Hún var gift Gísla Hjálmarssyni lækni, sem áður er nefndur. Guðjón Friðriksson segir skemmtilega frá samskiptum þeirra hjóna við Jón forseta. Jón var allt í öllu fyrir Íslendinga. Hann keypti fyrir þá vörur og sendi heim, fylgdist með þeim á dönskum sjúkrahúsum, kom þeim til náms í dönskum skólum, skaut yfir þá skjólshúsi, útvegaði þeim starf o.s.frv. Hér er kafli úr seinni hluta ævisögu Jóns forseta (10):

[Jón Sigurðsson og Ingibjörg kona hans] „ganga hægt og virðulega í gegnum Kongens Have og njóta veðurbliðunnar, en trén eru nú byrjuð að bruma. Leiðin þaðan liggur á hornið á Krónprinsgötu og Stóru Kaupmangaragötu, en þar ætla þau að líta inn í hina þekktu vernaðarvöruverslun Ø. Bendix. Þau eru að fara í verslunarleiðangur fyrir Gísla Hjálmarsson og Guðlaugu [Guttormsdóttur] konu hans. Bendix kaupmaður sjálfur tekur stimamjúkur á móti þessum virðulegu hjónum sem eru fastir viðskiptavinir í verslun hans, bukkar sig og beygir og sýnir hvað hann hefur á boðstólum með handapati og miklu orðskrúði. Þetta er fin verslun. Reyndar eru töluverðar tilfæringar að koma Ingibjörgu í krínólinunni inn um búðardyrnar. Eftir vangaveltur fram og til baka ákveða þau að festa kaup á dökkbláum silkistranga. En þetta er bara rétt byrjunin því að listinn frá Gísla Hjálmarssyni er langur. Er þau hafa þrætt nokkrar búðir á Austurgötu líst þeim svo að vænlegt sé að kaupa fiskbein í lífstykki í tísku- og vefnaðarvöruverslun Carls Løvegreens í Austurgötu 70 (nú nr. 20). Þar með er líka dagurinn á enda. Um kvöldið ræða þau um frekari innkaup. Jón er fyrir löngu búinn að panta stígvél fyrir Gísla hjá Holmberg skóara í Stóra Kanúkastræti þar sem Jón hefur sjálfur verið í föstum viðskiptum allt frá 1845. Einnig hafa hattar verið pantaðir hjá Langa-Petersen eins og Gísli óskaði eftir. Fræin fá þau hjá næsta urtakramara. Eldsnemma næsta morgun fer Jón einn á stúfana því að nú á að reyna að ljúka innkaupunum fyrir Gísla. Fyrst leggur hann leið sína í glervöruverslun H. Chr. Schmidts á horninu á Kónsins Nýjatorgi og Gautagötu, kaupir þar vatnskaröflu og glös og biður um að vel verði um búið og sent heim. Í hinni fornfrægu listmuna- og regnhlífaverslun J. G. Schwattz & Søn í Svertugötu 170 (nú nr. 3) er verslað og hjá Cornelíusi Knudsen í Stóru Kjötmanngaragötu 37 kaupir hann loftvog og hitamæli. Jón lítur líka inn í tvær tískuverslanir á Austurgötunni þar sem hann er hvort sem er fastagestur. Önnur er hin gamalgróna verslun R. & W. Mitchell sem sérhæfir sig í sokkum, en beint á móti henni, hjá F Sterup, kaupir Jón tvö silkisjöl fyrir Guðlaugu læknisfrú. Þau Ingibjörg höfðu komið auga á þau daginn áður og komist að þeirri niðurstöðu um kvöldið að ekki væri völ á betri kaupum miðað við gæði. Áður en Jón fer heim að þessu sinni kemur hann við hjá hinum fræga Osta-Aagaard á Amákurstorgi nr. 45 (síðar nr. 11) til að kaupa umbeðinn sveitzerost. Ludvig Aagaard er þjóðsagnapersóna sem margar sögur ganga um. Þegar Jón ber upp erindið segir Asgaard við búðardrenginn: ‘Peter, farðu í Djúpið og náðu í sveitzerost handa prófessornum.’ ‘Afsakið, ég er nú ekki prófessor,’ segir Jón brosandi. ‘Skiptir engu máli, Peter. Farður samt í Djúpið og náðu í einn svissneskan fyrir herramanninn sem ekki er prófessor’. Þannig eru tilsvörin hjá Osta-Aagaard. Hann er snöggur upp á lagið.

Síðustu útréttingar í þágu Gísla og Guðlaugar fara fram laugardaginn 3. apríl. Þá ganga þau Jón og Ingibjörg enn niður í bæinn og leita dauðaleit að því sem á vantar. Það finnst loks í tískuverslun

Manniche neðst við Austurgötu, rétt við Kónsins Nýjatorg. Síðan þarf að ganga vel frá öllum varningnum og koma honum í Austfjarðaskip. Jón röltir að kvöldi niður í Drottningarinnar Þvergötu, í næsta hús við Hótel Fønix, en þar býr Andreas Hemmert, meðeigandi hins mikla fyrirtækis Ørums & Wulffs, sem er með verslanir víða á Norður- og Austurlandi. Hemmert er Íslendingur að móðurkyni og tekur þátt í félaglífi Íslendinga í Höfn. Hann tekur því alúðlega á móti Jóni, enda eru þeir ágætis kunningjar og Jón og aðrir Íslendingar tíðir gestir í veglegum húsakynnum hans. Það semst um að sendur verði vagn að Austurvegg morguninn eftir til að sækja vörurnar og flytja þær niður í skip sem er að verða ferðbúið til Íslands og liggur í Nýhöfninni fyrir framan höfuðstöðvar Ørum & Wulffs í Nýhöfn 14.“



Guðríður Eiríksdóttir 04.05.1841-18.02.1885 fæddist á Hafursá í Skógum. Hún fórst í snjóflóðinu á Seyðisfirði. Foreldrar **Guðríðar** voru **Eiríkur** Arason 1811-1860 bóndi á Hafursá og síðar Skriðuklaustri og **Þóra** Árnadóttir frá Litla-Sandfelli í Hólmasókn 1816-1870. **Guðríður** var alsystir Jónasar skólastjóra Búnaðarskólans að Eiðum. Hann var faðir Eiðabræðra. Benedikt Rafnsson á Höfða var hálfbróðir **Guðríðar**. Hann var afi Benedikts skálds frá Hofteigi. Þóra átti Benedikt með Rafni Benediktssyni, en hann druknaði í kíl úr Grímsá í Vallanesi, áður en barnið fæddist (14).

Þá er ekki úr vegi að minnast annars höfðingja. Jón Þórarinsson tónskáld hélt uppá níræðisafmæli sitt í september 2007. Af því tilefni var birt viðtal við hann í Fréttablaðinu. Þar er frá því sagt að hann hafi fæðst á Héraði, orðið stúdent frá M.A. og stundað tónlistarnám við Yale í fjögur ár. Þar var kennari hans m.a. Paul Hindemith sem nokkru áður hafði flúið frá Þýskalandi til Bandaríkjanna. Jón sagði frá Hindemith í útvarpsviðtali í sama mánuði. Jón samdi ýmis þekkt lög, þ.á.m. við Fuglinn í fjörunni.

**Eiríkur Arason
1810-1860**

Guðríður Eiríksdóttir 1841-1885
Halldóra Sigurðardóttir 1867-1957
María Víðis Jónsdóttir 1895-1982
Þóra Þorvaldsdóttir 1925
Halla Þóra Másdóttir 1957
Davíð Orri Ágústsson 1982

**Þóra Árnadóttir
1816-1870**

Benedikt Rafnsson 1838-1927
Þórarinn Benediktsson 1871-1949
Jón Þórarinsson 1917

Systir Þóru var Guðný Árnadóttir og var skáldmælt (Skáld-Guðný). Um hana hefur Helgi Hallgrímsson ritað grein sem birtist að hálfu í Austra um jólin 1992 (37. árg.). Greinin verður fljótlega birt á vefsíðunni. Bróðir Þóru hét Halldór. Til gamans eru hér rakin frá honum tengsl Víðisa við Austfirðinginn og alþingismanninn Helga Seljan:

**Árni Stefánsson
1783-1864**

Þóra Árnadóttir 1816-1870
Guðríður Eiríksdóttir 1841-1885
Halldóra Sigurðardóttir 1867-1957
María Víðis Jónsdóttir 1895-1982
Dóra Þorvaldsdóttir 1922
Þórir Jón Hall Þórisson 1946

**Hallgerður Grímsdóttir
1789-1840**

Halldór Árnason 1830-1913
Árni Halldórsson 1864
Friðrik Árnason 1896-1990
Georg **Helgi Seljan** Friðriksson 1934

Sigurður og **Guðríður** áttu jörðina Kollsstaðagerði á Völlum. Eftir ótímabært lát **Sigurðar** (hann lést úr sullaveiki) gerðist **Stefán Guttormsson** bróðir hans ráðsmaður og var það til ársins 1881. Þá fór **Halldóra** að Þverá í Laxárdal til Bergljótar föðursystur sinnar, en **Þóra** sem þá var á 16. ári, til Friðriks móðurbróður síns og Ingunnar Einarsdóttur á Langhúsum í Fljótsdal. **Guðríður** fluttist aftur til Seyðisfjarðar með **Bergljótu** sem var yngst dætranna. **Guðríður** fórst í snjóflóðinu mikla úr Bjólfi í Seyðisfirði snemma morguns 18. febrúar 1885. Hún var þá matráðskona á Hótel Íslandi, sem stóð við malarkambinn yst í Fjarðarþorpinu, og sópaðist það fram í sjó. **Guðríður** var komin á fætur og niður. Bergljót svaf uppi og barst útá fjörð með efri hluta hússins, þaðan sem hún bjargaðist. Hún var þá 11 ára. Bergljót ólst síðan upp hjá Guttormi Vigfússyni skólastjóra og alþingismanni, frænda sínum, í Geitagerði. **Guðlaug** hafði áður, þegar faðir hennar lést, verið tekin í fóstur af nöfnu sinni og föðursystur Guðlaugu Guttormsdóttur frá Arnheiðarstöðum (4, 5, 6, 7).

Sigurður Guttormsson átti bróður sem Jón hét. Sá var faðir Guttorms J. Guttormsson(ar) skálds í Vesturheimi. Sjá grein um Guttorm J. Guttormsson. **Sigurður** og Hjörleifur Guttormsson 1935 alþingismaður eru af sama meiði. Sjá sögu í grænum ramma. Sjá einnig grein Jóhanns Skaptasonar um snjóflóðið á Seyðisfirði.

Hjörleifur Guttormsson

Þótt reikna megi með að allir Guttormar á Héraði séu frændur Víðisa þarf að fara örlítið lengra aftur til að rekja saman ættir þeirra við Hjörleif Guttormsson fv. alþingismann og skrásetjara árbóka F.Í. um Austurland; m.a. um slóðir forfeðra Víðisa þar.

Á **Guttorm Vigfússon** var minnst fremst í þessu skjali. Það var hann sem skrifaðist á við Jón forseta Sigurðsson. Hann er aftur á dagskrá hér. Um hann segir, að hann hafi verið „bóndi, stúdent og Alþingismaður á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal. Hinn mesti búmaður“.

Margrétar Vigfúsdóttur var systir Guttorms, og er hennar áður getið. Vigfús, sonur hennar, var lengi prestur í Vallanesi og á Ási.

Guttormur Pálsson, faðir Hjörleifs og barnabarn prestsins, var skógræktarstjóri á Hallormsstað. Systir hans var Sigrún, stofnandi og skólastýra Húsmæðraskólans á Hallormsstað. Hún var móðir **Sigurðar Blöndal** 1924, fv. skógræktarstjóra.

Vigfús Ormsson

1751–1841

Búmaður mikill og hygginn fjármálamaður og varð auðugur vel, en þótti ekki örlætismaður. Hann byggði fyrstur manna fjárhús í Fljótsdal og hóf áveitur á engi. Byggði fyrstu kornmyllu á Héraði. Fyrir þetta fékk hann verðlaunapening frá Landbúnaðarfélaginu í Danmörku og er hann enn til í Geitagerði (5). Sjá einnig (8).

Guttormur Vigfússon 1804-1856
Sigurður Guttormsson 1840-1878
Halldóra Sigurðardóttir 1867-1957
María Víðis Jónsdóttir 1895-1982
Þóra Þorvaldsdóttir 1925
Sigríður Másdóttir 1973

Bergljót Þorsteinsdóttir

1761–1828

Dóttir Þorsteins prests á Krossi í Landeyjum á Suðurlandi. Margrét móðir hennar var dóttir Hjörleifs Þórðarsonar prests á Valþjófsstað og latínuskálds. Hann þýddi passíusálmana á latínu og orti sálma.

Margrét Vigfúsdóttir 1788-1849
Vigfús Guttormsson 1813-1874
Páll Vigfússon 1851-1885
Guttormur Pálsson 1884-1964
Hjörleifur Guttormsson 1935

Fjórar dætur Sigurðar og Guðríðar

Börn Jóns Þorsteinssonar vefara Schiöld og Þóreyjar Jónsdóttur

Halla Jónsdóttir	1798-1874	
Þorsteinn Jónsson	1799-1881	
Þorbjörg Jónsdóttir	1800-1884	
Margrét Jónsdóttir	1801-1863	
Pétur Jónsson	1803-1883	
Bergljót Jónsdóttir -	1804-1822	
Vigfús Jónsson -	1805-1805	
Sigríður Jónsdóttir -	1807-1835	
Halldóra Jónsdóttir	1808-1852	Giftist Guttormi Vigfússyni 1804-1856
Einar Jónsson	1810-1883	
Jón Jónsson	1810-1870	
Þóra Jónsdóttir	1811-1855	
Snjófríður Jónsdóttir	1812-1866	
Una Jónsdóttir -	1815-1815	

Börn Halldóru Jónsdóttur og Guttorms Vigfússonar

Vigfús Guttormsson	1828-1867	
Bergljót Guttormsdóttir	1829-1829	
Bergljót Guttormsdóttir	1831-1831	
Bergljót Guttormsdóttir	1832-1899	Giftist Jóni Jóakimssyni á Þverá í Laxárdal
Guðlaug Guttormsdóttir	1834-1913	
Sigfús Jón Guttormsson	1835-1836	
Þórey María Guttormsdóttir	1836-1848	
Einar Guttormsson	1838	
Sigurður Guttormsson	1840-1878	Kvæntist Guðríði Eiríksdóttur 1841-1885
Jón Guttormsson	1841-1896	Faðir Guttorms J(ónssonar) Guttormsson(ar)
Stefán Guttormsson	1843	
Sigríður Guttormsdóttir	1844	
Sigríður Guttormsdóttir	1846	
Guttormur Guttormsson	1849-1869	

Dætur Sigurðar Guttormssonar og Guðríðar Eiríksdóttur

Halldóra Sigurðardóttir	1867-1957	Giftist Jóni Þveræingi Jónssyni 1880-1940
Þóra M Sigurðardóttir	1869-1946	Ógift.
Guðlaug Sigurðardóttir	1872-1961	Giftist Ólafi Jónssyni 1873-1933
Bergljót Sigurðardóttir	1874-1942	Giftist Skapta Jóhannssyni 1867-1907

UPPHAFSTAFLA

Börn Sigurðar og Guðríðar eru:

1a Halldóra & Jón Þveræingur Jónsson

2a Auður Víðis

2b Jón J. Víðis

2c María Víðis

2d Sigríður Víðis

2e Þórný Víðis

1b Þóra

Ókvænt og barnlaus

1c Guðlaug

2a Hallgrímur

2b Jón

2c Guðríður

2d Laufey

1d Bergljót

2a Garðar

2b Guðríður

2c Sigurlaug (Silla)

2d Arnheiður

2e Jóhann

2f Þórey

2g Svava

2h Sigríður

1a **HALLDÓRA** 10.09.1867-11.11.1957. Nokkru eftir lát Sigurðar Guttormssonar 1878 leystist heimili hans og Guðríðar upp. Halldóra fluttist þá að Þverá í Laxárdal. Sumir segja að hún hafi flutt þangað 1878 eða 1879, en eins og fram kemur hér að framan hélt Stefán, bróðir Sigurðar, búinu gangandi til 1881. Halldóra var 14 ára það ár. Á Þverá var fyrir Bergljót Guttormsdóttir, föðursystir hennar og fóstur. Bergljót var síðari kona Jóns Jóakimssonar bónda á Þverá, en Jón hafði misst konu sína Herdísu Ásmundsdóttur árið 1860. Bergljót var því systir Sigurðar þess sem hér um ræðir. Halldóra fór 7. okt. 1888 með Tyru til Kaupmannahafnar að leita sér lækninga við augnveiki og lærði þar karlmannafatasaum. Hún var húsmóðir á Þverá 1893-98, en flutti með fjölskyldu sína til Reykjavíkur 1898, þar sem hún bjó eftir það, að undanskyldum árunum 1909-1914, þegar fjölskyldan bjó í Hafnafirði (þar sem María varð eftir).

Á Þverá kynntist Halldóra mannsefni sínu *Jóni Þveræingi Jónssyni* 24.04.1860-15.09.1940. Hann var sonur Jóns og Herdísar, sem áður getur. Þarna mættust Þveræingar og Héraðsbúar. Afkomendur Halldóru og Jóns eru Víðisar. Fyrir sunnan starfaði Jón m.a. sem gjaldkeri hjá Edinborgarverslun, fyrst í Reykjavík, en síðar í Hafnafirði. Síðast starfaði hann hjá H.Ben. & Co. Sjá nánar http://www.marvidar.com/nidjatal_jons_og_herdisar/

Um Halldóru og Jón Þveræing

Jón Þveræingur hlýddi unglingum yfir á Þverá og slóst Halldóra í hóp nemenda. Þóra Þorvaldsdóttir 1925 var í áttæðisafmæli Halldóru (sjá gestabók Jóns J. Víðis). Þar heyrði hún hana segja að Jón hefði þegar á leið lagt aðra höndina á hné sér undir borðinu sem setið var við, og „hann átti ekkert með það!“ Það fylgir þó sögunni að Halldóra hefði brosað að minningunni (1). Sjálfur heyrði ég ömmu mína, Maríu Víðis, dóttur Jóns og Halldóru, segja þessa sögu þegar vel lá á henni. Jón og Halldóra giftu sig 10.07.1891. Skrásetjari hefur það fyrir satt að í báðum þessum ættum sé margt góðra manna.

Áður en Halldóra giftist fór hún til Kaupmannahafnar (1888) með Tyru að leita sér lækninga við augnveiki. Hún dvaldi þar vetrarlangt og lærði karlmannafatasaum (sjá m.a. 20). Jón Þveræingur gekk hins vegar í Möðruvallaskóla.

Eftir andlát Jóns Jóakimssonar 1893 bjuggu þau Halldóra og Jón Þveræingur á allri jörðinni þar til þau brugðu búi og fluttust suður árið 1898 og komu til höfuðstaðarins á fjögurra ára afmælisdegi Nonna litla (1). Sjá ferðasöguna *Ferðalag á a/s Vestu frá Akureyri til Reykjavíkur 1898*. Þegar þarna var komið sögu voru fjögur elstu börn þeirra hjóna fædd. Aðeins Þórný fæddist í nýju heimkynnunum, þar sem Jón gerðist skrifstofumaður. Þau bjuggu víða í bænum, þar til þau fluttu árið 1922 í hús Jóns J. Víðis, sonar síns, að Hverfisgötu 40, en þar lést Jón Þveræingur. Jón J. Víðis byggði nýja hæð ofan á hús Jóhanns Skaptasonar og Sigríðar Víðis, systur sinnar, að Eiríksgötu 4 og þangað fluttu þau mæðgin árið 1940, ásamt Dóru, fósturdóttur Jóns Þveræings og Halldóru. Víðisar héldu áfram að búa á Hverfisgötu 40 og hófu margir búskap sinn þar. Á Hvg. 40 kynntust heimasæturnar Auður, Sigríður og Þórný mönnum sínum, svo sem frá greinir annars staðar.

Sjá lista yfir heimilisföng Jóns og Halldóru í þætti mínum af Jóni J. Víðis; *Að heyra hjarta landsins slá*.

Eftir að Jón og Halldóra fóru suður varð Snorri, bróðir Jóns, einn bóndi á Þverá. Jónas sonur hans tók við Þverá þar næst. Ég man eftir Jónasi er ég kom í heimsóknir að Þverá með Jóni J. Víðis frænda mínum eða Jóhanni Skaptasyni og Sigríði J. Víðis ömmusystur minni. Jónas lést 1973 og tóku börn hans þá við Þverá, þau Sigrún, Jón og Áskell.



Jónas Snorrason, Jón J. Víðis og Már Viðar Másson við Þverá 1962.

Börn Jóns og Halldóru:

Halldóra er 1a

**Halldóruniðjum verður ekki lýst nánar hér.
Sjá Niðjatal Jóns og Herdísar:**

http://www.marvidar.com/nidjatal/nidjatal_jons_og_herdisar/

- 2a **AUÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR** 1892-1980 húsmóðir í Reykjavík & *Sigurður Sigurðsson*.
3a **Sigurður Haukur** 1926 kennari og mælingam. & *Guðrún Kristinsdóttir* (3 börn).
3b **Bergþóra** 1931 læknir & *Kristján Ásberg Ásbergsson*. Barnlaus.
3c **Halldóra** 1933 húsmóðir í Garðabæ & *Alfred Olsen* (3 börn).
- 2b **JÓN J. VÍÐIS** 1894-1975 landmælingamaður. Ókvæntur og barnlaus. Sjá (1).
- 2c **MARÍA J. VÍÐIS** 1895-1982 húsm. í Hafnarfirði og Rvk. & *Þorvaldur Tómas Bjarnason*.
3a **Dóra** 1922 húsm. og skrifstofustúlka í Reykjavík & *Þórir Hall* (2 börn). Þau skildu.
3b **Herdís** 1923 leikkona í Reykjavík & *Gunnlaugur Þórðarson* (4 börn). Þau skildu.
3c **Þóra** 1925 húsmóðir í Reykjavík & *Nikulás Már Nikulásson* (7 börn).
3d **Sigríður** 1926-1931. Lést ung úr blóðeitrun.
3e **María** 1928-1999 húsm. í Ameríku & *Joseph Edward Bradwell* (2 börn). Skildu.
3f **Þorvaldur** 1933 arkitekt í Reykjavík & *Steinunn Jónsdóttir* (3 börn).
- 2d **SIGRÍÐUR J. VÍÐIS** 1897-1991 & *Jóhann Skaptason* sýslumaður. Barnlaus.
- 2e **ÞÓRNÝ J. VÍÐIS** 1904-1955 húsmóðir í Reykjavík & *Hálfðan Eiríksson* kaupmaður þar.
3a **Hildur Árdís** 1931 fv. skrifstofustjóri í Garðabæ & *Karl Karlsson* (3 börn).
3b **Hadda Árný** 1935 húsm. í Kópavogi & *Gunnar Jóhannesson* (3 börn). Þau skildu.
3c **Jakob Jón** 1942 tæknifr. í Reykjavík & *Margrét Sveinsdóttir* (3 börn). Þau skildu.
3d **Jón Grétar** 1947 eðlisfræðingur & *Kristín Steinsdóttir* (3 börn).

AFTUR TIL: UPPHAFSTAFLA

1b **ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR** 10.05.1869-08.05.1946. Hún var eftir lát móður sinnar send í fóstur til Friðriks Eiríkssonar frá Skriðuklaustri, móðurbróður síns, og konu hans Ingunnar Einarsdóttur frá Víðivöllum fremri. Þau bjuggu góðu búi á Langhúsum í Fljótsdal. Þau áttu ekki sjálf börn, en ólu upp tvær fósturdætur fyrir utan Þóru. Þarna var Þóra í góðu yfirlæti til ársins 1889 að Ingunn lést. Hún var þá tvítug. Friðrik hafði látist árið 1885. Þóra nam við kvennaskólann á Laugalandi veturinn 1892-1893.

Í bréfi sem Þóra skrifaði Auði og Jóni Víðis frá útlöndum 25. apríl 1915 segir hún dálítið frá uppvexti sínum. Þar kemur fram að hún kunnir vel að meta hesta og átti sjálf hest sem móðir hennar hafði gefið henni og söðul sem hún keypti sjálf. Hún reið oft ein yfir Jökulsá – jafnvel á sund (7).

Þóra var einn vetur í Kaupmannahöfn – etv. 1888-1889. Líklega lærði hún þar sauma, enda varð saumaskapur ævistarf hennar. Jónas móðurbróðir hennar gerðist skólastjóri á Eiðum vorið 1888 (næst á eftir Guttormi Vigfússyni). Hann hafði þá verið á búnaðarskólanum í Stend í Noregi - svo utanferðir voru vel þekktar. Þóra var líklega hjá Jónasi og Guðlaugu konu hans um tíma – áður en hún heimsótti Halldóru systur sína að Þverá í Laxárdal í Suður Þingeyjarsýslu og kynntist þar Lissie á Halldórsstöðum, sem er næsti bær norðan við Þverá. Þóra fór með Lissie til Skotlands árið 1896, en þá var hún 27 ára gömul. Síðar fór hún til Sviss og gerðist ráðskona hjá ríku aðalsfólki. Húsbóndinn var verkfræðingur og vann um tíma við gerð Suezskurðarins. Þóra var því um tíma í Egyptalandi. Skrásetjari veit að Jón Víðis, systursonur Þóru, fékk sent frá henni brúnt teppi ofið úr *úlfaldahárum* sem hann hafði ætíð með sér í mælingaferðum og breiddi yfir sæng sína í tjaldinu. Frændfólk Þóru þekkti hana eftir þetta sem Þóru Egyptalandsfara. Seinna vann Þóra fyrir sér með saumaskap. Hún kom við í París og Kaupmannahöfn á leið heim. Vorið 1925 kom hún til Reykjavíkur eftir nær 30 ár í útlöndum. Líklega hefur Þóra verið hjá Halldóru systur sinni þar til hún gerðist forstöðukona á elliheimilinu Höfn á Seyðisfirði - 1928, 1929 eða 1930. Þóra var undir verndarvæng Maríu Víðis systurdóttur sinnar, dóttur Halldóru, í Hafnarfirði, eftir að hún varð sjötug árið 1939. Þar var hún e.k. amma í húsinu.

Th. M. Sigurdson skrifaðist á við systur sínar og nokkur systrabörn meðan hún bjó í útlöndum og sendi gjafir heim. Nokkuð er til af þeim bréfum, en einnig bréf sem hún fékk send. Þau síðustu fundust árið 2006 hjá Þóru og Dóru Þorvaldsdætrum og nýttust Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi við skrif ævisögu Þóru (7). Þórusaga Helga er á vefsíðunni (Thora Egyptafari). Lesið þar sögu þessarar ævintýrakonur.

Þóra lét ýmislegt ganga til Þóru nöfnu sinnar, dóttur Maríu Víðis, m.a. stóra silfurausu sem er merkt nafninu *Þóra*. Hún afhenti systur Þorvalds Tómasar Bjarnasonar, eiginmanns Maríu, sem nú var látinn, ausuna og bað þær afhenda Þóru hana þegar hún giftist. Ausan bíður nú Þóru Bjarkar Úlfarsdóttur.

Þóra er goðsögn í ættinni og hafa margir gaman af því að heyra af þessari finu dömu.

Þóra var ógift og barnlaus.


AFTUR TIL: **UPPHAFSTAFLA**

1c **GUÐLAUG SIGURÐARDÓTTIR** 25.12.1872-22.11.1961. Guðlaug var tekin í fóstur af nöfnu sinni og föðursystur Guðlaugu Guttormsdóttur (f 1834) frá Arnheiðarstöðum þegar faðir hennar lést, en etv. fyrr (5). Guðlaug eldri var þá orðin ekkja (Siggeir Pálsson maður hennar lést 1866) og komin aftur heim í sveitina sína. Líklega var hún þó ráðskona hjá Halldóri bróður sínum á Kollsstöðum í sömu sveit þegar hér er komið sögu. Halldór þessi fór 1885 til Noregs að stunda nám við búnaðarskólann á Stend. Þangað fóru einnig Jónas Eiríksson móðurbróðir Guðlaugar Sigurðardóttur og Guttormur Vigfússon frændi hennar.

Um Guðlaugu segir Einar á Ormarsstöðum í minningargrein árið 1962 að hjá frænku sinni hafi hún notið ástrikar umönnunar sem glæddi og þroskaði þær heilladísir sem henni voru gefnar í vöggugjöf, nefnilega góða skapgerð, glæðlyndi og bjartsýni. Það var hið góða vegarnesti sem entist henni til hinstu stundar (5). Seinna voru þær nöfnur í Hrafnsgerði. Eftir að Halldóra systir Guðlaugar fluttist til Reykjavíkur virðist svo sem hún hafi dvalið hjá henni um hríð og „aflað sér haldgóðrar menntunar“. Afkomendur hennar telja að hún hafi lært fatasaum hjá Þóru Melsted og jafnframt dönsku. Hún saumaði síðar fyrir fólk þegar hún kom aftur heim.

Maður (1897) Guðlaugar var *Ólafur Jónsson* 1873-1933 frá Skeggjastöðum í Fellum. Þau voru þremmenningar. Þau byggðu Holt úr landi Skeggjastaða 1914-1918. Um heimilin var sagt að þau hafi verið fyrirmyndarheimili að dugnaði, reglufestu, velmegun, friði og samlyndi. Þar var sungið og leikið á hljóðfæri fyrir samsveitunga á þorablótum og við messur í Áskirkju. Orgel var til á bænum og þar var sungið og dansað. Árið 1927 byggðu Skeggjastaðabændur rafstöð, en áður höfðu þeir gert skrudgarð við bæina. Foreldrar Ólafs voru Jón Ólafsson 1832-1914 bóndi á Skeggjastöðum (‘hæsta, elsta og limríkasta tréð í skóginum’) og Bergljót Sigurðardóttir 1834-1909 Pálssonar frá Geitagerði. Hún var barnabarn Jóns vefara. Sjá nánar um Ólaf og hans góða fólk í (5).

Eftir að Guðlaug varð ekkja dvaldi hún löngum á Droplaugarstöðum og á Ási.



AFTUR TIL: **UPPHAFSTAFLA**

2a **HALLGRÍMUR ÓLAFSSON** 25.06.1898-09.08.1975 bóndi í Holti í landi Skeggjastaða II og í Götu frá 1914. Guðlaug var þó skráð fyrir Holti til ársins 1935. Hallgrímur var laghentur og smíðaði m.a. sinn eigin hefðbakk sem hann notaði síðan til að renna ýmsa muni.

Kona Hallgríms var *Elísabet Hólmfríður Jónsdóttir* 02.12.1901-14.03.1985. Foreldrar hennar voru Jón Stefánsson 1871-1922 sem fæddist á Þverá í Laxárdal og Sveinbjörg Bjarnadóttir 1868-1953 frá Hafrafelli í Fellum. Hallgrímur og Elísabet voru því þremmenningar. Þau voru bændur á Hreiðarsstöðum.

3a **BRAGI** 09.12.1934-02.07.1996 bóndi í Holti frá 1959.

K. María Steinunn Arnfinnsdóttir. F 09.08.1942 í Hlíð í Þorskafirði. Foreldrar hennar voru Arnfinnur Þórðarson 06.02.1903-10.05.1986 frá Hjöllum, bóndi í Hlíð og Kristín Daniélsdóttir 20.01.1912-16.12.1991 frá Hvallátrum.

- 4a **Arnfinnur**. F 13.06.1963.
 K1. *Ásdís Jónsdóttir*. F 18.04.1965 frá Ytrafelli í Eyjafirði. Þau skildu.
 5a **Heimir**. F 27.01.1986.
 5b **Elísabet**. F 25.07.1989.
 5c **María Emma**. F 26.01.1992.
 K2. *Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir*. F 10.03.1969.
 5d Guðrún Erla Víðisdóttir. F 13.07.1990. Dóttir Önnu.
 5e **Ísar Karl**. F 03.03.2000.
- 4b **Lísa Björk**. F 26.02.1965 á Egilsstöðum. Leikskólakennari á Reyðarfirði.
 M (23.05.1998). *Valgeir Kjartansson*. F 12.05.1965. Verkfræðingur.
 5a **Kjartan Bragi**. F 04.10.1988.
 5b **Ævar**. F 17.06.1990.
 5c **Þórir Steinn**. F 20.07.1996.
 5d **Hjalti**. F 01.03.1998.
- 4c **Birgir**. F 24.05.1969.
 K. *Þórhildur Þöll Pétursdóttir*. F 19.10.1970.
 5a **Ársól Eva**. F 21.04.1998.
 5b **Bjarndís Diljá**. F 10.09.2001.
- 4d **Davíð**. F 16.09.1975.
- 4e **Eysteinn Ari**. F 23.11.1979.
 K. *Ingibjörg Jónsdóttir*. F 10.04.1980.

- 3b **LILJA**. F 04.04.1938 bóndi á Brekku í Fljótsdal 1960-1984, en síðar á Egilsstöðum.
 M. *Þórhallur Jóhannsson* 15.10.1931-02.02.1977. Foreldrar hans voru Jóhann S. Jónsson 1900-1985 bóndi á Bessastöðum og Eyrarlandi og kona hans Bergljót Þorsteinsdóttir 1910-1973 frá Þuríðarstöðum í Fljótsdal.
- 4a **Hallgrímur**. F 08.02.1960. Bóndi á Brekku.
 SK. & BM. *Anna Bryndís Tryggvadóttir*. F 09.08.1961.
 5a **Jónas Bragi**. F 16.05.1997.
 5b **Tryggvi Þór**. F 14.11.1999.
 5c **Hafsteinn Máni**. F 03.12.2001.
- 4b **Bryndís**. F 17.02.1961. Býr á Egilsstöðum. Lilja og Bryndís voru miklir vinir Þóru Þorvaldsdóttur og komu ætíð við hjá henni þegar þær áttu leið í bæinn.
- 4c **Jóhann Frímánn**. F 15.02.1962. Bóndi í Brekkugerði frá 1993.
 K. *Sigrún Erla Ólafsdóttir*. F 11.10.1959 á Sleitustöðum í Skagafirði.
 5a **Þórveig**. F 15.07.1987.
 5b **Þórhallur**. F 08.08.1990.
- 4d **Elísabet Fjóla**. F 01.05.1967. Býr á Akureyri.
 M. *Halldór Jóhannesson*. F 31.08.1962.
 5a **Jóhannes Guðni**. F 08.07.1990.
 5b **Anna Kristín**. F 25.02.1993.
 5c **Þórhallur Forni**. F 27.12.2002.
 5d **Herdís Lilja**. F 25.08.2005.
- 4e **Skarphéðinn Smári**. F 27.04.1970.
 K. (03.08.2002) *Edda Hrönn Sveinsdóttir*. F 31.10.1977.
 5a **Róbert Þormar**. F 17.12.2003.



Jón Ólafsson og Anna Runólfsdóttir á Hafrafelli.

2b **JÓN ÓLAFSSON** 19.08.1901-22.02.1971 á Skeggjastöðum. Jón var bóndi á Hafrafelli í Fellum frá 1931.

K. *Anna Runólfsdóttir* 08.03.1909-08.10.1983. Foreldrar hennar voru Runólfur Bjarnason 1865-1948 bóndi á Hafrafelli 1894-1931 og kona hans (1908) Sigríður Sigfúsdóttir 1885-1957 sveitungi hans.

3a **SIGRÚN** 03.11.1934-24.08.2000.

M. *Brynjólfur Bergsteinsson*. (02.01.1928-2014) Brynjólfssonar (frá Ási) bóndi á Hafrafelli. Bergsteinn 1891-1973 og Guttormur bóndi í Ási (sjá 2c) voru hálfbræður. Móðir Brynjólfs var Margrét Jónsdóttir 1894-1969. Brynjólfur sagði 110 ára sögu Áskirkju við messu 27. júlí 2008. Þar voru systur hans Þorbjörg (03.01.1931-03.10.2016) og Rósa (1924-2016). Bræður þeirra eru Þorbjörn (1926) og Jón (1932). Öll ólust þau upp á Ási, en þar var tvíbýlt. Bergsteinn og Guttormur bjuggu þar báðir. Við Mæa systir vorum í messunni.

4a **Margrét**. F 15.12.1955.

M. *Gunnar Smári Björgvinsson*. F 29.06.1955. Þau búa á Dalvík.

5a **Brynjólfur Rúnar**. F 14.08.1975.

5b **Bergvin Fannar**. F 24.03.1978.

SK. & BM. *Snjólaug Svana Þorsteinsdóttir*. F 16.06.1979.

6a **Gunnar Darri**. F 02.08.2000. Fyrstur í 6. lið.

6b **Hildur Marín**. F 25.11.2003.

5c **Rut Berglind**. F 03.04.1979.

5d **Jónína Björt**. F 11.06.1990.

4b **Jón Rúnar**. F 23.11.1957. Býr á Hafrafelli.

4c **Bergsteinn**. F 21.08.1964. Bóndi á Hafrafelli III í Fellum frá 1991.

K. (24.06.1995) *Anna Heiða Óskarsdóttir*. F 25.11.1959. B.Sc. Econ. frá Álaborg í Danmörku 1988, frá Reyðarfirði. Foreldrar hennar eru Óskar Ágústsson trésmíðameistari á Reyðarfirði 20.11.1936 og Þórdís Jóhannesdóttir 05.08.1938 frá Ferjubakka.

5a **Emil Atli Ellegaard**. F 13.02.1988. Sonur hennar.

5b **Óðinn Breki**. F 24.05.1992.

5c **Una Sólveig**. F 13.04.1996.

3b **GUÐLAUG ERLA**. F 07.12.1936 húsmóðir í Kópavogi.

M. *Ólafur J. Gunnarsson*. F 26.11.1933. Foreldrar hans voru Gunnar Pétur

Sölvason 22.11.1906-07.08.1970 og Bjargey Ólafsdóttir 27.09.1907-08.01.2001.

4a **Arnheiður Anna**. F 16.03.1960.

M. *Jón Páll Baldvinsson*. F 03.07.1963.

5a **Guðlaug Erla**. F 06.11.1989.

5b **Ólafur Baldvin**. F 08.02.1993.

4b **Hafþór**. F 28.01.1964.

K. *Ásthildur Lóa Þórsdóttir*. F 20.11.1966.

5a **Þór Símon** (Eiríksson). F 24.06.1990. Sonur hennar.

5b **Bjarki Páll**. F 14.09.1996.

4c **Bjargey**. F 27.11.1972. Býr í Finnlandi.

M. *Mikael Smári Mikaelsson*. F 27.04.1972. Þau skildu.

2c **GUÐRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR** 27.09.1902-23.01.1995. Fæddist á Skeggjastöðum í Fellum.

M. (1935) *Guttormur Brynjólfsson* 03.12.1903-08.11.1946 bóndi á Ási (hálfbróðir Bergsteins, sjá 3a undir 2b að ofan). Guttormur fórst í sprengingunni á Ási. Hjónin voru frændsystkin. Foreldrar Guttorms voru Brynjólfur Bergsson 1863-1933 bóndi á Ási og Margrét Guttormsdóttir 1870-1908 frá Hrafnsgarði. Brynjólfur átti tvær aðrar konur, aðra á undan Margrétu, hina á eftir (sjá 2d Laufey að neðan). Guðríður bjó á Ási 1935-1962, en eftir það á Egilsstöðum. Hrafnkell Hall og María Erla Másdóttir af Víðisætt voru nokkur sumur hjá Guðríði í Ási á sjötta áratugnum og fram á þann sjöunda.

3a Andvana fætt.

3b **MARGRÉT NANNA** 03.01.1938-08.11.1946 á Ási. Á hana er minnst í Þórusögu Helga Hallgrímssonar, eins og reyndar marga aðra Vefara. Sjá Thora Egyptafari á vefsíðu.

3c **DROPLAUG** 22.06.1939-08.11.1946 á Ási.

Guttormur, Margrét Nanna, Droplaug og bróðurdóttir Guttorms, jafnaldra Margrétar Nönnu, fórust öll í sprengingu utan við túngarðinn á Ási árið 1946. Svæðið var notað fyrir æfingar breska setuliðsins í upphafi ófriðarins. Sjá mynd. Sjá grein um sprenginguna í Ási: http://www.marvidar.com/nidjatal_sigurdar_og_gudridar/sogur_modur_austan/

3d **GUÐLAUG** (Gulla). F 17.10.1940 á Ási. Skrifstofumaður á Egilsstöðum.

M. *Magnús Einarsson* 30.03.1941-03.06.1992. Foreldrar hans voru Einar Sveinn Magnússon 1886-1973 og María Jónsdóttir 1899-1983 bændur á Valþjófsstað.

Magnús átti árið 1978 dótturina Ingu Silju Huldudóttur.

4a **María Eir**. F 16.10.1961. Kennari í Grindavík.

SM. & BF. *Ellert Sigurður Magnússon*. F 19.03.1961.

5a **Ingibjörg Yrsa**. F 14.01.1994.

5b **Magnús Már**. F 25.06.1996.

4b **Guðriður Arney**. F 03.12.1964. Viðskiptafræðingur hjá Landsbankanum í Reykjavík.

4c **Droplaug Nanna**. F 23.02.1972. Lífeindafræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu í Reykjavík.

M. (2004) *Ragnar Örn Egilsson*. F 1972. Viðskiptafræðingur hjá Motus. Þau búa í Mosfellsbæ.

5a **Rut**. F 16.07.2003.

5b **Örn**. F 22.11.2005.

SM. *Þorsteinn Sveinsson*. F 02.05.1924. Fv. kaupfélagsstjóri KHB.

3e **BRYNJÓLFUR** (Binni) 29.08.1942 fv. mælingamaður hjá Vegagerðinni á Egilsstöðum. K. (14.05.1967) *Ljósbjörg Alfreðsdóttir* 05.03.1947. Foreldrar hennar eru Alfreð Magnússon 1914-1994 bóndi á Víkingsstöðum og Guðrún Björg Þorsteinsdóttir 1921-2001.

4a **Ása**. F 02.10.1967. Býr í Kópavogi. Lyfjafræðingur. Starfar í Þróunarsetri Bláa lónsins og er þar rannsóknarstjóri.

SM. & BF. *Willum Þór Þórsson*. F 17.03.1963. Kennari og knattspyrnuþjálfari. Rekstrarhagfræðingur. Alþingismaður Suðvesturkjördæmis 2013–2016 fyrir Framsóknarflokk.

5a **Willum Þór**. F 23.10.1998.

5b **Brynjólfur Darri**. F 12.08.2000.

5c **Þyri Ljósbjörg**. F 17.07.2003.

5d **Ágústa Þyri Andersen**. F 03.12.2007.

5e **Þór Andersen**. F 20.05.2009.

4b **Guttormur**. F 05.02.1971. Starfar sem naprapat.

K. *Zoe Frost*. F 19.11.1981. Þau búa í Garðabæ.

5a **Bo**. F 17.07.2008.

5b **Ísis**. F 09.12.2009.

5c **Vala**. F 11.06.2015.

4c **Tinna**. F 24.03.1980. Viðskiptafræðingur.

SM. *Magnús Arnar Arngrímsson*. Viðskiptafræðingur. Þau búa í Garðabæ.

5a **Arngrímur**. F 17.04.2006.

5b **Brynjólfur**. F 12.03.2009.



Hallgrímur Helgason og Laufey Ólafsdóttir
á Droplaugarstöðum.

2d **LAUFEY ÓLAFSDÓTTIR** 31.05.1912-11.08.2003 á Holti í Fellum.

M. (1934) *Hallgrímur Helgason* 29.08.1909-30.12.1993 frá Ási. Þau bjuggu í Holti, þá á Arnheiðarstöðum, en á nýbýlinu Droplaugarstöðum frá 1942. Þar kom Laufey, ásamt sonum sínum, upp gróskumiklum trjálundi að húsabaki.

Foreldrar Hallgríms voru Helgi Hallgrímsson 1882-1912 bóndi á Refsmýri og Agnes Pálsdóttir 1880-1970 sem síðar giftist Brynjólfi Bergssyni bónda á Ási sbr. **Guðríður**. Agnes var fædd á Fossi á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Sjá m.a. Uppruni og ætt Helga Hallgrímssonar (4).

3a **HELGI**. F 11.06.1935 á Skeggjastöðum. Helgi stundaði nám í líffræði, með grasafæði sem sérgrein, í Göttingen og Hamborg á árunum 1955-1963. Hann flutti þá til Akureyrar og kenndi við MA. Frá 1964 var hann jafnframt forstöðumaður Náttúrugripasafnsins á Akureyri og var þá í sama húsnæði og tónlistarskólinn sem Þingeyingurinn Jón Hlökkver Áskelsson stjórnaði. Á árunum 1971-1976 rak Helgi rannsóknarstöð í Ytri-Vík á Árskógsströnd.

Helgi er frumkvöðull að náttúruverndarmálum hérlendis og aðalhvatamaður og fyrsti formaður Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, en þau voru stofnuð 1969. Það var fyrsta félag fyrir almenning sem helgaði sig náttúruverndarmálum. Árið 1987 flutti Helgi til heimahaganna og er nú sjálfstætt starfandi fræðimaður á Egilsstöðum (4).

Fyrir utan fjölda fræðiritra, flestra við alþýðu hæfi, hefur Helgi skrifað mikið um ættingja sína á Héraði. Sumt hef ég stuðst við hér og þá vonandi getið heimilda.

Helgi hlaut viðurkenningu Hagþenkis árið 2005 fyrir einstæða bók sína Lagarfljót, mesta vatnsfall Íslands. Árið 2010 hlaut Helgi Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Sveppabókina, íslenskir sveppir og sveppafæði. Forseti Íslands veitir verðlaunin. Þá hlaut Helgi tilnefningu Hagþenkis fyrir Sveppabókina árið 2010. Þegar þetta er skrifað er óljóst hver hlýtur sjálf verðlaunin. Í júní 2014 hlaut Helgi riddarakross úr hendi forseta Íslands fyrir „ritstörf og rannsóknir á íslenskri náttúru“. Sjá nánar um Helga, m.a. í grein eftir Bergljótu systur hans.

K. (23.04.1958) *Ninna Kristbjörg Gestsdóttir* 18.10.1932-01.01.2008. Foreldrar hennar voru Gestur Kristjánsson 1906-1990 bóndi á Múla í Aðaldal í S-Þing. og Guðný Árnadóttir 1904-1933.

4a **Björk Þorgrímsdóttir**. F 29.05.1953. Dóttir Kristbjargar og stjúp dóttir Helga. Býr á Akureyri.

5a **Þorgrímur Árni** Jónsson. F 10.05.1969.

5b **Kristjana** (Ditta) Sigurðardóttir. F 17.01.1974.

6a **Signý Eir** Guðmundsdóttir. F 24.02.2001.

5c **Helgi Rúnar** Sveinsson. F 1990.

5d **Jón Heiðar** Sveinsson. F 1993.

4b **Hallgrímur** (Grímur). F 12.08.1958. B.A. í ensku. Býr í Rvk.

4c **Gestur**. F 14.05.1960. Skógræktarmaður. Býr á Landamóti í Kaldakinn.

K. *Hólmfríður Ingibjörg Eiríksdóttir*. F 08.12.1958. Þau skildu.

5a **Árný Þóra** Ármannsdóttir. Fósturdóttir Gests.

5b **Allan Haywood** Robertson. F 15.12.1984. Fóstursonur beggja.

4d **Heiðveig Agnes**. F 23.10.1970.

SM. & BF. *Helgi Hjálmar Bragason*. F 22.08.1972. Foreldrar hans eru Bragi Gunnlaugsson 28.11.1931 bóndi á Setbergi í Fellum og Hólmfríður Helgadóttir 06.08.1938. Agnes og Helgi búa á Setbergi. Skrásetjari heimsótti þau þangað sumarið 2008.

5a **Kristbjörg Mekkín**. F 25.03.2001.

5b **Friðmar Gísli**. F 08.08.2006.

3b **ÓLAFUR ÞÓR.** F 18.09.1938 á Arnheiðarstöðum. Kennari frá Kennaraskóla Íslands 1962. Fór síðar í prestadeild H.Í. og gerðist prestur í Bólstaðarprestakalli 1981-1983 og á Mælifelli í Skagafirði frá 1983. Ólafur segir frá því að hann hafi oft komið á Eiríksgötu 4 á skólaárum sínum, einkum til Auðar Víðis Jónsdóttur og Sigurðar Sigurðssonar, en Auður hélt góðu sambandi við Laufeyju frænku sína fyrir austan. Þá fór hann oft upp til Jóns J. Víðis og Maríu Víðis Jónsdóttur (símtal í ág. 2007). Ólafur las Passíusálmana í Útvarpið á föstunni 2008.

K. (29.07.1962) *Þórhildur Sigurðardóttir.* F 27.04.1944. Fjarskyld frænka. Foreldrar hennar eru Sigurður Guttormsson bóndi á Hallormsstað 1917-1968 og Arnþrúður Gunnlaugsdóttir 1921 á Eiði á Langanesi. Þórhildur átti fyrir einn son, Sigurð Örn 30.03.1961. Hann býr á Húsavík. (Símtal í ág. 2007). Þau skildu. Þórhildur býr síðan á Húsavík.

4a **Páll.** F 01.06.1964. Býr í Hafnarfirði. Félagsráðgjafi.

BM. & SK1. *Aldís Garðarsdóttir.* F 10.01.1965. Býr í Svíþjóð.

5a **Þórhildur Sif.** F 02.07.1984.

5b **Sonja.** F 24.10.1990.

BM. & SK2. *Margrét Sigurðardóttir.* F 29.05.1966. Landslagsarkitekt.

5c **Hafdís.** F 25.12.1995.

5d **Sigurður.** F 01.11.1997.

5e **Laufey.** F 07.03.2006.

4b **Laufey.** F 07.03.1966. Húsfreyja og ferðaþjónustubóndi.

M. *Örn Karl Sigfried Þorleifsson.* F 21.11.1938 landsþekktur ferðaþjónustubóndi í Húsey í Hróarstungu við Héraðsflóa. Foreldrar hans eru Þorleifur Þórðarson forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins 27.04.1908-07.08.1980 og Annie Þórðarson 27.07.1911-28.12.1948 frá Bæheimi í Þýskalandi.

5a **Örn.** F 04.05.1999.

5b **Arney Ólöf.** F 27.01.2002.

4c **Egill.** F 21.04.1967. Býr í Reykjavík. BA í þýsku.

BM. & SK. *Alda Steinunn Ólafsdóttir.* F 27.05.1944. Húsfreyja. Þau skildu. Foreldrar hennar eru Ólafur Einar Einarsson stórkaupmaður í Reykjavík 04.06.1910-05.11.1996 og Guðrún Ágústa Júlíusdóttir Ellingsen 14.05.1915-20.09.1982.

4d **Guðfinna Alda.** F 31.01.1982. BA í sálfræði. Býr í Rvk.

4e **Gunnhildur.** F 19.07.1984. BA í sálfræði. Býr í Rvk.

3c **AGNAR.** F 20.06.1940 á Arnheiðarstöðum í Fljótisdal. Íslenskufraeðingur.

K. (18.05.1968) *Auður Lilja Óskarsdóttir.* F 11.04.1945. Foreldrar hennar eru Óskar Ágústsson 1920 og Elín Kjartansdóttir 1922-2003. Barnlaus. Þau skildu 1974. Agnar býr á Egilsstöðum.

3d **GUÐSTEINN.** F 07.03.1945 bóndi á Teigabóli í Fellum.

K. *Prúður Krístrún Hjartardóttir* 01.10.1945-09.09.1993. Hún átti fyrir þrjá syni sem urðu uppeldissynir Guðsteins.

4a **Hjörtur Þór** Frímansson. F 08.01.1964.

4b **Jón Heiðar** Frímansson. F 26.09.1965.

4c **Hallgrímur Anton** Frímansson. F 21.07.1971.

4d **Einar Örn.** F 31.03.1982. Býr á Teigabóli með föður sínum.

3e **GUÐRÚN MARGRÉT** 27.05.1948-2003 á Akureyri. Guðrún, sem var alvanur hestamaður, lést er hún féll af hestbaki.

M. (16.12.1967) *Pórarinn Kristjánsson*. F 01.12.1945. Þau skildu. Foreldrar hans voru Kristján Bjarnason 1901-1983 bóndi í Mýrdal og Kristín Friðriksdóttir 1910.

4a **Þóra Regína**. F 10.08.1967. Býr á Akureyri.

BF. & SM. *Jonathan Kleinmann*. Breti. Þau skildu.

5a **Alexander Kleinmann**. F 16.04.2003.

SM. *Örn Örlygsson*. F 30.12.1963. Þau skildu.

4b **Jarþrúður**. F 02.07.1969. Býr á Akureyri.

SM. *Erlingur Erlingsson*. F 02.05.1970. Þau slitu sambúð.

SM. & BF. *Theódór Kristjánsson*. F 13.04.1968.

5a **Pórarinn Jóhann**. F 09.03.2002.

5b **Sigurgeir Bjarni**. F 30.11.2005.

4c **Ninna Margrét**. F 23.05.1980.

SM. *Jónas Sveinn Eyfjörð Bergsteinsson*. F 10.02.1957. Foreldrar hans eru Bergsteinn Eyfjörð Garðarsson 14.08.1925 og Judith Matthildur Sveinsdóttir 13.05.1924-14.08.1994.

3f **BERGLJÓT** (Begga). F 01.03.1952 leikskólastjóri í Aðaldal.

M. *Jón Fornason*. F 19.04.1936 bóndi í Haga í Aðaldal. Foreldrar hans eru Forni Jakobsson 1907-1998 bóndi í Fornhaga og Margrét Hjálmarsdóttir 1918.

4a **Arnheiður**. F 30.07.1975.

SM. & BF. *Sigurður Ægisson*. F 21.09.1958.

5a **Mikael**. F 11.01.2004.

4b **Droplaug Margrét**. F 02.06.1978.

4c **Eilífur Örn**. F 26.05.1982.

4d **Ingibjörg Dóra**. F 16.05.1988.

1d **BERGLJÓT SIGURÐARDÓTTIR** 07.10.1874-10.08.1942 í Kollsstaðagerði. Þegar faðir hennar lést, löngu fyrir aldur fram, komst los á barnahópinn. Bergljót var eina dóttirin sem fylgdi móður sinni, en það fyrirkomulag tók skjótan endi þegar Guðríður fórst í snjóflóðinu á Seyðisfirði 1885. Bergljót var þá 11 ára. Hún ólst síðan upp hjá Guttormi Vigfússyni skólástjóra og alþingismanni, frænda sínum, í Geitagerði og konu hans Sigríði Sigmundsdóttur, til ársins 1888, og á Strönd á Völlum til 1894, en þá um haustið fór Bergljót í kvennaskólann á Laugalandi í Eyjafirði og var þar í tvo vetur. Sumarið 1895 var Bergljót í kaupavinnu á Skarði í Dalsmynni og kynntist þar elsta syni hjónanna, Skapta. Sjá einnig sögu af snjóflóðinu.

Maður (15.09.1897) Bergljótar var *Skapti Jóhannsson* 28.07.1867-10.10.1907 frá Skarði í Dalsmynni og bóndi í Litla-Gerði, næsta bæ við Skarð, frá árinu 1900. Foreldrar hans voru Jóhann Bessason 1839-1912 bóndi á Skarði og Sigurlaug Einarsdóttir 1847-1927 frá Köldukinn.

Bergljót fluttist til heimahaganna, austur til fósturforeldra sinna í Geitagerði á Héraði, að Skapta látnum (1907). Hún hafði Arnheiði, Jóhann og Sigríði með sér. Síðar flutti hún til Guðlaugar systur sinnar á Skeggjastöðum á Völlum. Þá lærði hún karlmannafatasaum hjá Eyjólfvi Jónssyni klæðskera á Seyðisfirði. Til Akureyrar fluttist Bergljót síðan með börn sín árið 1912. Þar stundaði hún ýmis störf. Haustið 1914 gerðist hún húsvörður við barnaskólann á Akureyri og sinnti því til ársins 1921. Sjá grein eftir Jóhann Skaptason um móður sína Bergljótu Sigurðardóttur á vefsíðu minni.

Jóhann Skaptason reisti sér og Sigríði Víðis konu sinni sumarhús í landi Skarðs á sjöunda áratugnum. Þar heitir Skaptahlíð. Jón J. Víðis teiknaði.

Börn Bergljótar og Skapta eru:	
2a	Garðar
2b	Guðríður
2c	Sigurlaug
2d	Arnheiður
2e	Jóhann
2f	Þórey
2g	Svava
2h	Sigríður

AFTUR TIL: **UPPHAFSTAFLA**

2a **GARÐAR SKAPTASON** 1898. Lést í frumbersku.

2b **GUÐRÍÐUR SKAPTADÓTTIR** 16.09.1899-26.01.1970. Verslunar- og skrifstofustúlka á Akureyri. Guðríður var 8 ára þegar faðir hennar lést. Hún varð þá eftir hjá afa og ömmu á Skarði og var þar til fullorðinsaldurs, en dvaldist oft hjá móður sinni á Akureyri að vetrarlagi. Hún fluttist síðan til móður sinnar 1920 og vann við verslunarstörf um skeið. Árið 1923 fór hún til Kaupmannahafnar og vann þar næstu árin. Eftir heimkomu settist hún að hjá móður sinni og starfaði á skrifstofu KEA og síðar á skrifstofu Prentverks Odds Björnssonar. Guðríður tók Akureyrarveikina og var sjúklingur upp frá því. Óg. og barnl.

2c **SIGURLAUG SKAPTADÓTTIR** (Silla) 17.11.1901-30.06.1985. Hún var 5 ára þegar faðir hennar lést. Líkt og Guðríður varð Sigurlaug eftir hjá afa og ömmu á Skarði og ólst þar upp. Hún stundaði nám við Gagnfræðaskólann á Akureyri 1918-1921. Síðan stundaði Silla verslunar- og skrifstofustörf í Reykjavík, en fluttist til systra sinna á Akureyri 1945 og bjó þar og starfaði eftir það. Á ljósmyndum

sem teknar eru í jólaveislum á Þórsgötu 17 og Eiríksgötu 4 fyrir stríð og á stríðsárunum má iðulega sjá Sillu bregða fyrir. Ógift og barnlaus.

2d **ARNHEIÐUR SKAPTADÓTTIR** 16.11.1902-11.12.1963. Arnheiður var 4 ára þegar faðir hennar lést og hún fluttist 1908 austur á land með móður sinni, fyrst í Geitagerði í Fljótisdal og síðan að Skeggjastöðum á Völlum. Fluttist síðan aftur norður með móður sinni árið 1912, en nú til Akureyrar. Fyrst eftir fermingu vann Arnheiður á pósthúsinu á Akureyri, en síðan hjá KEA til æviloka, fyrst við afgreiðslustörf, síðar skrifstofustörf og mörg síðustu árin sem gjaldkeri. Hún varð bráðkvödd að morgni þegar hún var að búa sig til vinnu. Arnheiður og Svava, systir hennar, bjuggu lengi saman í litlu fallegu húsi við Hlíðargötu og tóku þar á móti gestum að sunnan. Arnheiður var ógift og barnlaus.

2e **JÓHANN SKAPTASON** 06.02.1904-12.10.1985. Sýslumaður á Patreksfirði og á Húsavík. Jóhann ólst upp hjá móður sinni eftir lát Skapta og fluttist austur í Fljótisdal með henni 1908 og til Akureyrar 1912. Hann var í Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1918-1921 og lauk þaðan gagnfræðaprófi. Hann las til stúdentsprófs haustið 1924 og hélt til Reykjavíkur, ásamt litlum hópi Norðlendinga, og tók stúdentspróf utanskóla frá MR 1927. Þessi aðferð varð síðan til þess að menntaskóli var stofnaður á Akureyri. Sjá sögu MA. Jóhann varð cand. juris. árið 1932. Hann starfaði sem lögfræðingur hjá Oluverslun Íslands 1932-1935, sýslumaður Barðstrendinga á Patreksfirði 1935-1956 og sýslumaður Þingeyinga á Húsavík 1956-1974.

K. (06.06.1930) *Sigríður Víðis Jónsdóttir* 15.04.1897-10.11.1991, frænka hans, sbr. niðjatal Jóns og Herðisar http://www.marvidar.com/nidjatal_jons_og_herdisar/

Fjöldi Víðisa af þremur kynslóðum dvaldi um stundarsakir eða sumarlangt hjá Jóhanni og Sigríði á Patreksfirði (1935-1956) og á Húsavík (1956-1985). Þar var ég sumurinn 1958 og 1959. Mágarnir Jóhann og Jón J. Víðis voru góðir vinir og voru t.d. iðulega saman um páska og voru systurnar Sigríður og María þá með. Jón endaði gjarnan sumurvinnu sína á Húsavík eftir að Jóhann og Sigríður fluttu þangað. Jóhann og Sigríður hvíla í kirkjugarði Laufáss, enda Litla-Gerði, og síðar sumarhúsið Skaptahlíð, í Laufássókn. Þau hjón eignuðust ekki börn, en tóku vel á móti ættingjum sínum, eldri sem yngri.

2f **ÞÓREY SKAPTADÓTTIR** 12.05.1905-24.04.1950 skólastjóri Húsmæðraskólans á Ísafirði. Þórey var 2ja ára þegar faðir hennar lést og fór hún þá í fóstur til Bjarna Arasonar og Snjólaugar Sigfúsdóttur á Grýtubakka í Höfðahverfi og ólst upp hjá þeim til fullorðinsára. Hún lærði karlmannafatasam á Akureyri, stundaði húsmæðranám í Danmörku 1928-1929, og í Noregi 1934-1936. Kennarapróf fékk Þórey 1938 og gerðist húsmæðrakennari í Mjóanesi 1929-1930, á Hallormsstað 1930-1934, og á Laugarvatni 1936-1943. Á árunum 1943-1947 var hún skólastjóri Húsmæðraskólans á Ísafirði, en varð þá að hætta vegna vanheilsu. Hún var þó um skeið kennari í Reykjavík eftir það. Ógift. Þórey tók að sér fósturdótturina Láru.

3a **LÁRA SVANBJÖRG** Svansdóttir. F 05.10.1936. Fósturdóttir. Óskyld. Húsmóðir í Víðikeri í Bárðardal.

M1. *Egill Tryggvason*. Lára og Egill bjuggu í Víðikeri í Bárðardal 1955-1963, en það ár lést Egill. Lára flutti þá til Akureyrar, en bróðir Egils, Kjartan tók við búskap á Víðikeri. Páll, sonur Kjartans, rekur búið 2011.

4a **Bragi**.

M2. *Geirlaugur Sigfússon*. Lára og Geirlaugur búa á Akureyri 2011.

2g **SVAVA SKAPTADÓTTIR** 21.06.1906-01.08.1962 kennari á Akureyri. Svava var árgömul þegar faðir hennar lést og var hún þá þegar látin í fóstur til Svövu Jóhannsdóttur, föðursystur sinnar, á Skarði í Dalsmynni, en það er næsti bær við Litla Gerði. Þar ólst hún upp. Svava tók gagnfræðapróf á

Akureyri vorið 1925 og kennarapróf í Reykjavík vorið 1934. Hún stundaði garðyrkjunám í Danmörku og var leiðbeindi í garðyrkju hér heima. Svava starfaði sem kennari á Grenivík, í Hrafnagilshreppi og á Akureyri. Hún var ógift og barnlaus. Svava og Arnheiður bjuggu saman í snotru húsi á Hlíðargötu 1 á Akureyri. Þar gistu margir ættingjar þeirra.

2h **SIGRÍÐUR SKAPTADÓTTIR** 21.10.1907-22.09.1971 (íþróttakennari á Akureyri. Sigríður fæddist daginn sem faðir hennar var jarðaður. Hún fór með móður sinni austur á land 1908 og ólst upp í Geitagerði í Fljótsdal, hjá fósturforeldrum móður sinnar, Guttormi Vigfússyni og Sigríði Sigmundsdóttur. Hún lauk kennaraprófi í Reykjavík 1931 og nam leikfimi í Svíþjóð 1933-1934. Hún var kennari á Akureyri frá 1934. Sigríður var ógift og barnlaus.

AFTUR TIL: **UPPHAFSTAFLA**

Þormar

Frændur Víðisa úr Fljótsdal tóku upp eftirnafnið Þormar. Það voru Páll og bræður hans. Geir Þormar (Pálsson) var ökukennari í Reykjavík og kenndi m.a. skrásetjara.

Guttormur Vigfússon, sá sem var skólastjóri á Eiðum og ól upp Bergljótu Sigurðardóttur, systur Halldóru, eftir að Guðríður móðir þeirra fórst í snjóflóðinu á Seyðisfirði, er feitletraður. Sjá annars grein Jóhanns Skaptasonar um snjóflóðið.

Guttormur Vigfússon 1804-1856

Sigurður Guttormsson 1840-1878
Halldóra Sigurðardóttir 1867-1957
María Víðis Jónsdóttir 1895-1982
Þóra Þorvaldsdóttir 1925

Halldóra Jónsdóttir 1808-1852

Vigfús Guttormsson 1828-1867
Guttormur Vigfússon 1850-1928
Páll Guttormsson **Þormar** 1884-1948
Geir Guttormur Pálsson Þormar 1917-1993

Guttormur V. Þ. Þormar

Guttormur Þormar verkfræðingur er iðinn við að skrifa um ættir sínar. Á vefsíðunni er stóra rit hans **Arnheiðarstaðaætt**; niðjatal Guttorms Vigfússonar stúdents og alþingismanns á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal og konu hans Halldóru Jónsdóttur.

Á vefsíðunni er einnig að finna ritið Vefarar. Rit Guttorms um Arnheiðarstaðaætt nær til 1/10 hluta Vefara eins og rakið er á forsiðu niðjatals Guttorms.

Guttormur hefur einnig unnið **Þormarsætt**; niðjatal Sigríðar Sigmundsdóttur og Guttorms Þormar (11) og **Ljótsstaðaætt**; niðjatal hjónanna Sigmundar Pálssonar og Margrétar Þorlákssdóttur með ýmsum fróðleik (12).

Guttormur var í innsta kjarna þess hóps sem vann að lagfæringu *minningartöflunnar* úr Valþjófsstaðakirkju í Fljótsdal, og nú er á héraðssafninu á Egilsstöðum. Sjá Vefarar á vefsíðu.

Guttormur Vigfússon 1804-1856

Sigurður Guttormsson 1840-1878
Halldóra Sigurðardóttir 1867-1957
María Víðis Jónsdóttir 1895-1982
Dóra Þorvaldsdóttir 1922

Halldóra Jónsdóttir 1808-1852

Vigfús Guttormsson 1828-1867
Guttormur Vigfússon 1850-1928
Þorvarður Guttormsson Þormar 1896-1970
Guttormur V. Þ. Þormar 1925

AFTUR TIL: **UPPHAFSTAFLA**

NOKKRAR HEIMILDIR OG FORVITNILEG RIT

1. **Að heyra hjarta landsins slá.** Þáttur um Jón J. Víðis landmælingamann. Már Viðar Mátsson skrifaði fyrir tímaritið Vegamál sem Vegagerðin gefur út. Greinin birtist í 1. tbl. 1995. Þar er heillegust saga þessa merka ættarhöfðingja.
2. **Fjórar dætur Sigurðar Guttormssonar og Guðríðar Eiríksdóttur.** Úr niðjatali sem Guttormur Þormar verkfræðingur gerði 1998. Guttormur er kominn út af bróður Sigurðar. Hann færði mér að gjöf þennan legg niðjatalis síns.
3. **Íslendingabók.** Mikið notuð.
4. **Uppruni og ætt Helga Hallgrímssonar.** Bergljót Hallgrímsdóttir tók saman 2005. Handrit með heimildaskrá.
5. **Ættarmót Holtsættar 2002.** Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur á Egilsstöðum. Útgefið niðjatal með sögum. Bergljót Hallgrímsdóttir útvegaði. Sjá einnig (8).
6. **Bergljót Sigurðardóttir – nokkur æfiatriði.** Jóhann Skaptason á Patreksfirði 2. júlídag 1955. Birtist í Hlín, 41. árg., 1959. Bergljót Hallgrímsdóttir útvegaði.
7. **Þóra Margrét Sigurðardóttir – æviágrip.** Þóra Egyptafari. Helgi Hallgrímsson 2007-2015. Ritgerðin er á heimasíðu minni, undir nafni Helga, en hefur ekki verið prentað til dreifingar nema í fáum eintökum. Hér er **Þóra**.
8. **Íslenskt mannlíf.** Jón Helgason blaðamaður ritaði þar um Vigfús Ormsson (1751-1841) og Bergljótu Þorsteinsdóttur konu hans (1761-1828). Reykjavík, 1959. Sjá einnig jólablað Austra 1992.
9. **Æfiminning stúdents** og alþingismanns Guttorms Vigfússonar að Arnheiðarstöðum í Fljótsdal. Gefið út á kostnað barna hans á Akureyri 1857. Begga sagði frá.
10. **Jón Sigurðsson.** Ævisaga, síðara bindi e. Guðjón Friðriksson. M&M í Reykjavík 2003.
11. **Þormarsætt.** Niðjatal Sigríðar Sigmundsdóttur og Guttorms Vigfússonar. Guttormur V. Þ. Þormar tók saman.
12. **Ljósstaðaætt.** Niðjatal hjónanna Sigmundar Pálssonar og Margrétar Þorlákssdóttur með ýmsum fróðleik. Ljósstaðir eru í Unadal, rétt ofan við Hofsóss í Skagafirði. Meira seinna. Útg. af ritnefnd. Samantekið af Guttormi V. Þ. Þormar. Reykjavík 2001.
13. **Wikipedia.** Mikið notuð.
14. **Helgi Hallgrímsson** náttúrufræðingur á Egilsstöðum. Hann útvegaði margt efni í niðjatalið og gaf upplýsingar í sendibréfum og í síma. Hér að framan er getið ýmislegs efnis frá honum.
15. **Arnheiðarstaðaætt.** Niðjatal Guttorms Vigfússonar stúdents og alþingismanns á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal. Guttormur átti börn með þremur konum. Þær eru 1. Björg Eiríksdóttir. Þau giftust ekki, en áttu eitt barn. 2. **Halldóra Jónsdóttir** vefara Schiöld Þorsteinssonar. Hún var fyrri kona hans. Hún er 1/10 hluti Vefara. Þau áttu 14 börn, en 10 þeirra áttu afkomendur. Einn þeirra var Sigurður. 3. **Kristín Jónsdóttir** var síðari kona Guttorms. Þau áttu eitt barn saman. Þetta er allt rakið skilvíslega í niðjatalinu Arnheiðarstaðaætt sem Guttormur Vigfússon Þorvarðarson Þormar tók saman. Á netsíðu minni má sjá útgáfu frá 2006. Sigurðar er getið í því niðjatali sem nú er opið.
16. **Kvenættbogi.** Jóhann Skaptason sýslumaður tók saman. Ég á ljósrit af vélrituðu handritinu. Það er fengið eftir frumriti (sem þó var til í 4-5 eintökum, þökk sé kalkipappír Jóhanns) Jóns Grétars Hálfðanarsonar. Bergljót Guttormsdóttir, síðari kona Jóns Jóakimssonar kemur við sögu hér. Hún var systir Sigurðar Guttormssonar, föður Halldóru tengdadóttur Jóns Jóakimssonar. Sigurður þessi var afi Jóhanns Skaptasonar, líkt og konu hans Sigríðar Víðis.
17. **Ævislóð og mannaminni.** Halldór Stefánsson. Gefin út af dánarbúi hans í Reykjavík, 1971. Þar segir af Austfirðingum. Begga sagði frá.
18. **Jónas Þór** sagnfræðingur var eitt sinn ritstjóri Lögbergs Heimskringlu. Hann útvegaði efni um Guttorm J. Guttormsson.
19. **Öldin sem leið.** Þar er m.a. sagt frá snjóflóðinu mikla á Seyðisfirði árið 1885.
20. **Halldóra Sigurðardóttir.** Minningarorð. Sig. Haukur Sigurðsson í Mbl. 21. nóv. 1957.

21. **Leiðarljós.** Minningarrit um Laufeyju Ólafsdóttur. Helgi Hallgrímsson, sonur hennar, gaf út og dreifði til ættingja sumarið 2012. Bókin er 96 bls. Í henni eru minningargreinar, ljósmyndir og efni sem Laufey skrifaði sjálf, ýmist bréf, ferðasögur eða skáldskapur. Ritgerð Laufeyjar um gönguferð sína frá Laugum í Reykjadal austur á Hérað birtist fyrst í Heima er best 1987. Skálduð grein með heitið Heimsókn í Skriðuklaustur birtist áður í Huldumál – hugverki austfirskra kvenna 2003.

ADSTOD VIÐ SAMNINGU RITSINS VEITTU ...

Auður Víðis Jónsdóttir. Hvatning.
Bergljót Hallgrímsdóttir. Ýms rit.
Bergþóra Sigurðardóttir (Begga). Ýmislegt efni og hvatning.
Dóra Þorvaldsdóttir. Myndir og sögur.
Guttormur Vigfússon Þorvarðarson Þormar. Niðjatöl ættingja að austan.
Helgi Hallgrímsson. Hvatning og ýmislegt efni.
Hildur Hálfðanardóttir. Ábendingar.
Jón Hálfðanarson. Hvatning.
Jón J. Víðis. Hvatning. Hann pantaði niðjatalið á árunum 1962-1970.
María Víðis Jónsdóttir amma mín. Hvatning.
Sigríður Víðis Jónsdóttir. Hvatning 28.08.1988. „Þeir voru skrýtnir karlar, synir Snorra!“
Þorvaldur S. Þorvaldsson. Ábendingar, hvatning, myndir og sögur.
Þóra Þorvaldsdóttir móðir mín. Ábendingar, myndir, sögur og hlutir frá Þórau Sigurðardóttur.
... og margir fleiri.

AFTUR TIL: UPPHAFSTAFLA



VINSAMLEGAST SENDIÐ INN ATHUGASEMDIR OG NÝTT EFNI

Eigið þið myndir sem henta til birtingar hér? Vinsamlegast sendið mér skannað eintak.

Már Viðar Másson
Næfurási 17
110 R.

marvidar@simnet.is

898 3470

™